

Kennari:
Líf Anna Nielsen
Sveinbjörg Anna Karlsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Fjölbreytt kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
7 kennslustundir

Bekkur:
4. bekkur

Íslenska

Traust kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er undirstaða alls náms og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Jafnframt er tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn verður í upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimili þeirra.

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu, að þeir þekki helstu hugtök þess og hlutverk í málinu og fái æfingu í að beita þeim. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir við sem flest tækifæri en gott vald á munnlegri tjáningu nýtist í öllum námsgreinum. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir flokkar eru samofin heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Íslenska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	Orð og setningar frá skólavefnum Setningar og málgreinar frá skólavefnum Litla Lesrún Lesrún 1 og 2 Ritrún 1 til 3 Skrift 2 til 4 Ítalíuskrift	<ul style="list-style-type: none"> – beitt skýrum og áheyrilegum framburði og nýti sér um leið helstu greinarmerki við upplestur – hlustað og horft með athygli, fylgi söguþræði og geti greint frá upplifun sinni – farið eftir samskiptareglum, tekið þátt í umræðum, hlustað og sýnt kurteisi. – tjáð sig með aðstoð leikaranna tjáningar – nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum – gagnrýnt á uppbyggilegan hátt – endursagt efni sem hlustað hefur verið á, lesið eða eftirminnilegum atburði – komið fram fyrir framan hóp 	<p>Innlagnir</p> <p>Lesið, spurt og spjallað</p> <p>Þjálfunaræfingar</p> <p>Rafræn hjálpar-tæki</p> <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Námsleikir</p>
Lestur og bókmenntir	Læsi fyrir Lífið; gagnvirkur lestur Sestu og lestu bókaflokkurinn Lestrarbækur Ítarefni	<ul style="list-style-type: none"> – þekkt algengar orðmyndir – lesið sögur sér til ánægju, skilnings og unnið með hann – lesið ævintýri, sögur og ljóð – endursagt sögu í aðalatriðum og spáð fyrir um framhald sögu(forspá) – þekkt og beitt hugtökum eins og persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur – beitt algengum hugtökum í bragfræði svo sem rím, kvæði vísu og ljóðlínu – les og aflað sér upplýsinga á rafrænu formi 	<p>Spil</p> <p>Vettvangsferðir</p> <p>Hringekja</p> <p>Stöðvavinna</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Gagnvirkur lestur</p>

Ritun		<ul style="list-style-type: none"> – dregið rétt til stafs og skrifað íslensku skýrt og læsilega – nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta – samið og skrifað texta frá eigin brjóst s.s. sögur, ljóð, skilaboð o.fl. – beitt einföldum stafsetningarreglum og þekki tiltekin hjálpargögn við hæfi – skrifað texta í tölvu og beitt einföldum aðgerðum í ritvinnslu 	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> – beitt orðaforða og málskilningi í töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi – gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaorða og sagnorða – unnið með kyn, tölu og fall nafnorða – unnið með nútíð og þátíð sagnorða – raðað í stafrófsröð og þekki notagildi þess við leit og skipulag – þekki algeng orðtök og málshætti – unnið með hugtökin hljóð, bókstafur, setning og málsgrein – unnið með og þekkt: <ul style="list-style-type: none"> • Samheiti og andheiti • Eintölu og fleirtölu • Samsett orð • Sérnöfn og samnöfn • Sérhljóða og samhljóða 	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		